

10. gr.

Nú verða eigendaskipti að eign, sem veðsett er stofnlánadeildinni, og er stjórn hennar þá heimilt að heimta lán endurgreitt að nokkru eða öllu. Skylt skal seljanda og kaupanda að tilkynna stjórn stofnlánadeildarinnar eigendaskiptin.

11. gr.

Nú er lán úr stofnlánadeildinni eigi greitt á réttum eindaga eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að verðgildi, að það er eigi svo tryggt sem vera skal að dómi stjórnar stofnlánadeildarinnar, eða nýr eigandi tekst eigi á hendur ábyrgð á láninu, og er stjórn stofnlánadeildar þá heimilt að heimta eftirstöðvar láns goldnar þegar í stað án uppsagnar.

12. gr.

Nú er veð selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber uppboðshaldara þá að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett stofnlánadeildinni, og skal stjórn hennar gert viðvart svo tímanlega, að hún geti falið fulltrúa sínum að vera viðstaddur uppboð.

13. gr.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnlánadeildarinnar.

14. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað, og skal starfsemi deildarinnar hefjast á þeim tíma, er segir í reglugerð.

Gjört að Bessastöðum, 10. maí 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

L Ö G

um breyting á hreppamörkum milli Hafnarhrepps og Nesjahrepps.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frá og með gildistöku laga þessara verður sú breyting á mörkum Hafnarhrepps og Nesjahrepps sem hér greinir:

Að vestan verða mörkin bein lína úr Akureyri í vestasta tanga Óslands og þaðan bein lína í nyrzta odda Stapakletts, þaðan bein lína úr nyrzta odda Stapakletts í miðjan Mikleyjarál, með stefnu í Mikleyjarsker, þannig að Ósland í Nesjahreppi er lagt undir Hafnarhrepp.

2. gr.

Nú verður ekki innan 3 mánaða frá gildistöku laga þessara samkomulag milli hreppsnefnda Hafnarhrepps og Nesjahrepps um bætur fyrir tekju- og aðstöðumissi Nesjahrepps, er leiðir af ákvæðum 1. gr., og skulu bætur þá ákveðnar af gerðar-

dómi skipuðum 3 mönnum, þar sem aðilar skipa hvor sinn mann í dóminn, en Hæstiréttur tilnefnir oddamann. Vanræki aðilar að tilnefna í dóminn, tilnefnir Hæstiréttur, þannig að dómur verði fullskipaður. Kostnað við dóminn greiðir Hafnarhreppur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Af alls konar gosdrykkjum og öli, sem er framleitt hér á landi og afhent er eða selt á flöskum, skal næstu 10 ár greiða gjald, að upphæð 60 aura af hverri flösku, og renna þrjú fjórðu hlutar gjalds þessa í Styrktarsjóð vangefinna, er vera skal í vörzlum félagsmálaráðuneytisins, en einn fjórði hluti skal renna til Hjartaverndar, samtaka hjarta- og æðaverndarfélaganna á Íslandi, til rekstrar og endurbóta á hjartarannsóknarstöð samtakanna.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum í Styrktarsjóð vangefinna, skal varið til að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk, og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um aðstoð við vangefið fólk og samtök hjarta- og æðaverndarfélaganna.

Gjört að Bessastöðum, 9. maí 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.